

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um skrár lögreglu og
vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 577/2020.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi:

4. Lögreglu er heimilt að miðla persónuupplýsingum til embættis landlæknis að því marki sem nauðsynlegt er til að embættið geti sinnt rannsókn alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu í samræmi við 10. gr. og 10. gr. a. – c. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. gr. laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 14. október 2024.

Guðrún Hafsteinsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 1. nóvember 2024